

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1991

19. mars 1991

7

Nr. 8

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 19. mars 1991.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

19. mars 1991

Nr. 9

BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um þingrof, almennar kosningar til Alþingis og þinglausnir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Þar eð Alþingi, er nú situr, 113. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33, 17. júní 1944, ber samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi nú þegar og stofna til almennra kosninga að nýju.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið frá og með 20. apríl 1991. Jafnframt er ákveðið, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag, laugardaginn 20. apríl 1991.

Veitum vér hér með forsætisráðherra, Steingrími Hermannssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 113. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gjört í Reykjavík, 19. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Steingrímur Hermannsson.